

UMSÖGN um viðaukabeiðni (fjárfesting)

Viðtakandi: Bæjarráð

Sendandi: Skrifstofa áhættu- og fjárstýringar

Umsögn Skrifstofu áhættu- og fjárstýringar um fyrirbyggjandi beiðni um viðauka við fjárfestingaáætlun / Stofn 2025.

Viðaukabeiðnin er vegna „Fífan gervigras og tartan“, en í ljós hefur komið að verkið er mun umfangsmeira en áætlað hafði verið við vinnslu fjárhagsáætlunar ársins 2025. Eftir að verkið hófst kom í ljós að þarf þarf að skipta út hitalögnum vegna hæðamismunar á núverandi velli og þeim nýja, sem þarf að jafna. Að auki hefur komið í ljós að núverandi lagnir eru komnar framyfir líftíma.

Óskar umhverfissvið því eftir að fjárfestingaáætlun ársins 2025 vegna þessara framkvæmda verði breytt þannig fjárheimild vegna þessa verkefnis verði hækkuð um 170 m.kr. en á móti lækki fjárveiting til Vatnsendahvarfsskóla samsvarandi, þar sem útgjöld þar stefni í að verða lægri en áætlað var þegar fjárhagsáætlun ársins 2025 var unnin:

Verkefni	Fjárhæð samkvæmt áætlun (kr.)	Umbeðin viðbót (kr.)	Samtals eftir breytingu	Málafll/deild
Fífan, gervigras og Tartan	140.000.000	170.000.000	310.000.000	32286-
Grunnskóli og leikskóli Vatnsendahvarfi	300.000.000	-170.000.000	130.000.000	32172-
SAMTALS	440.000.000	0	440.000.000	

LÖG UM FJÁRMÁL SVEITARFÉLAGANNA

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum (138/2011) eru fjárhagsáætlanir bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins (skv.1.mgr.63.gr.). Samkvæmt 2.mgr. sömu greinar er kveðið á um að óheimilt sé að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina og að viðauki sé þó ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim breytingum sem gert er ráð fyrir verði mætt.

ÁHRIF VIÐAUKANS Á FJÁRHAG KÓPAVOGSBÆJAR

Í umsögn umhverfissviðs kemur fram að ófyrirséð þurfi að breyta hitalögnum á framkvæmdasvæðinu vegna hæðarmunar og að þá hafi einnig komið í ljós að lagningarnar séu komnar fram yfir eðlilegan endingartíma.

Til að völlurinn uppfylli þau skilyrði sem til er ætlast og til að fyrirbyggja viðhald á vellinum innan skamms tíma virðist því óhjákvæmilegt að fara í þessa útfærslu og lagfæringu sem lagðar eru til.

Beiðni umhverfissviðs um viðauka nær til fjárfestinga (stofnfærslna) og snýst um tilfærslu fjármagns á milli deilda innan efnahagsreiknings Eignasjóðs. Hann hefur því engin áhrif á rekstur bæjarins, heildar skuldbindingar eða þær fjármálareglur sem uppfylla þarf.

Kópavogi 5. Maí 2025

Ingólfur Arnarson.

